

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12. september 2019
UST201909-032/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Hleinar - Bekkur við listaverk

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hafnarfjarðarbærjar, dagsett, 3. september 2019 um leyfi fyrir bekk við listaverk innan Hleinar fólkvangs.

Hleinar er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglysingu nr. 399/2009. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Allar framkvæmdir inna fólkvangs eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Akstur vélknúinna faratækja utan akvega er óheimill í fólkvanginum.

Lýsing verkefnis:

Setja á niður bekk á Langeyramalir við bílastæði þar sem listaverk er staðsett. Bekkurinn er þungur og kallar á að undirlagið sé nokkuð slétt. Ekki þarf að steypa eða bolta bekkinn. Mögulega kæmi lítil vél til að sléttu undirlagið en annars er um handavinnu að ræða. Verkefnið er í tengslum við átakið brúkum bekki og er hugsað til þess að eldriborgarar geti fengið sér göngutúr um bæjarlandið og fengið sér sæti á sem flestum stöðum. Bekkurinn er staðsettur nálæg Hrafnistu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að valda neikvæðum áhrifum á náttúru og verndargildi svæðisins. Framkvæmdin mun fara fram við bílastæði við Landeyramalir, mögulega verður einhver truflun fyrir akandi gesti svæðisins á meðan framkvæmdin stendur yfir. Framkvæmd sem þessi gæti bætt upplifun gesta á svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyfi fyrir uppsetningu á bekk innan Hleinar fólkvangs sbr. lýsingi hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, aður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við aður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Til að lámarka truflun er æskilegast að framkvæmdin fari fram á sem stystum tíma.
- Mikilvægt er að frágangur sé þannig að gróður sem er að finna við bílastæðið sé ekki raskað eða sé lagfærður að loknum framkvæmdum.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Hafbergsdóttir
Hildur Hafbergsdóttir
Sérfræðingur

Réne Biasone
Réne Biasone
Sérfræðingur